

Fjórðungssamband Vestfirðinga



Stjórnarfundur Fjórðungssambands Vestfirðinga, 28. ágúst 2012, kl 13.30, haldinn á Ísafirði og með aðstoð síma frá Hólmavík, Ísafirði og Reykjavík kl 13.30. Til fundarins var boðað í tölvupósti með dagskrá 27. ágúst 2012.

Mætt voru Albertína F Elíasdóttir (í síma), Friðbjörg Matthíasdóttir, Jón Jónsson (í síma), Ómar Már Jónsson og Sigurður Pétursson (í síma).

Formaður setti fundinn og gengið til dagskrár.

1. Fundargerð stjórnarfundar 16. ágúst 2012

Fundargerð staðfest.

2. Frestun 57. Fjórðungspings Vestfirðinga

Formaður bar fram tillögu um frestun 57. Fjórðungspings Vestfirðinga.

Framkvæmdastjóri lagði fram minnisblöð, sem framkvæmdastjóri og verkefnisstjóri hafa tekið saman að beiðni formanns. Fjallað er um að breyting hefur orðið á verklagi um framkvæmd sóknaráætlunar frá því sem áður hefur verið kynnt m.a. í minnisblaði ríkisstjórnar frá 22. júní s.l.. Þörf er talin á að nánari upplýsingar liggi fyrir um fjárhagsramma verkefna m.a. til stoðkerfisins og breytingar á fyrirkomulagi stjórnáætlunar ríkisins. Einnig er bent á að fjárlög ársins 2013 muni liggja fyrir um miðjan september með nýju fyrirkomulagi fundar Alþingis en þing verður nú sett þann 11. september n.k.. Með frestun Fjórðungspings ættu flestar nauðsynlegar upplýsingar að liggja fyrir og gera þannig málefnavinnu þingsins mun markvissari en ella.

Lögmæti frestunar Fjórðungspings hefur verið könnuð og er ekki að ráða að af samþykktum sambandsins að slíkt sé óheimilt. Mikilvægt er hinsvegar að kanna viðhorf sveitarfélaganna til málsins og í óformlegri könnun í dag hefur ekki komið fram andstaða við málið.

Samþykkt að fresta 57. Fjórðungsping Vestfirðinga til 5. og 6. október 2012, þingstaður verður óbreyttur. Framkvæmdastjóra falið að kynna ákvörðun stjórnar til sveitarfélaga og gesti þingsins.

Rætt um framkvæmd þingsins almennt.

3. Fundargerð samgöngunefndar 23. ágúst 2012

Lögð fram fundargerð samgöngunefndar frá 23. ágúst 2012. Fundurinn var haldinn með Vegamálastjóra og starfsmönnum Vegagerðarinnar. Formaður samgöngunefndar Sigurður Pétursson, svaraði fyrirspurnum um efni fundarins.

Stjórn samþykkir að fela samgöngunefnd að vinna drög að ályktun um samgöngumál sem lögð verður fyrir 57. Fjórðungsping.

Fjórðungssamband Vestfirðinga



4. Önnur mál.

Rætt um málefni stoðkerfisins á Vestfirðum.

Framkvæmdastjóri vék af fundi

Rætt um endurnýjun kjarasamnings framkvæmdastjóra, formanni falið að kynna tillögu að nýjum samningi á næsta fundi á grundvelli umræðu á fundinum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 15.00